

# Eftir andlát ástvinnar



## **Starfsfólk deildarinnar vottar ykkur samúð vegna andláts ástvinar ykkar.**

Ástvinamissir er reynsla sem getur haft mikil og margvísleg áhrif á líðan, tilfinningar, hugsanir og athafnir syrgjenda.

Í sorg er okkur öllum mikilvægt að fá viðurkenningu á líðan okkar og tækifæri og tíma til að deila þessari reynslu með nákomnum og öðrum sem eru fús til að veita aðstoð. Sjúkrahúsprestar og djákni eru reiðubúin til leiðsagnar í þeim efnum.

Í þessu riti eru nokkur hagnýt atriði til upplýsingar um allra næstu skrefin, sem þið þurfið að stíga á veginum framundan.

## **Eftir andlát**

Þegar búið hefur verið um hinn látna af alúð og virðingu fá ástvinir tækifæri til að eiga stund við dánarbeiðið áður en hann/hún er flutt í líkhús spítalans. Sú útfararstofa sem aðstandendur velja sér til aðstoðar mun síðan sjá um flutning þaðan og í líkhús utan sjúkrahússins.

## **Dánarvottorð**

Læknir úrskurðar um andlát og gefur út dánarvottorð. Ef aðstandendur óska gerir hann þeim grein fyrir dánarorsök. Stundum er ekki hægt að tilgreina dánarorsök nema krufning fari fram. Ósk um krufningu þarf að bera undir aðstandendur og er framkvæmd hennar háð samþykki þeirra. Við sérstakar aðstæður, voveiflegt andlát eða skyndidauða, gera lög þó ráð fyrir krufningu. (Réttarkrufningu)

Aðstandendur geta einnig sjálfir óskað eftir krufningu ef þeir telja ástæðu til frekari skýringa á andlátinu.

Þegar læknir á spítalanum hefur gefið út dánarvottorð er hægt að vitja þess:

---

Sé um réttarkrufningu að ræða þarf að vitja dánarvottorðs á Rannsóknarstofu Háskólans hús 9 við Barónsstíg, (á horni Barónsstígs og Eiríksgötu) sími: 543 8355.

Dánarvottorði þarf að skila til skrifstofu viðkomandi sýslumanns áður en útför fer fram.

## Undirbúningur útfarar

Pegar útför ástvinar er undirbúin liggur beinast við að leita til sóknarprests eða þess prests sem aðstandendur kjósa sér. Um aðrar ráðstafanir vegna útfarar er rétt að snúa sér til útfararstofu. Yfirlit yfir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu er á vef:

<http://www.landspitali.is/utfararhjonustur>

Á sumum stöðum úti á landi eru starfræktar útfararstofur, ef svo er ekki þá er útfararþjónusta yfirleitt í höndum starfsmanns kirkjugarðs í viðkomandi byggðarlagi.

Útför getur farið fram án þess að prestur sé viðstaddur og veita útfararstofur alla aðstoð í þeim tilvikum

## Stuðningur í sorg

Sjúkrahúsprestar og djákni eru ávallt tiltæk á Landspítala. Þau sinna sálgæslu, ráðgjöf og stuðningi við sjúklinga og aðstandendur. Þau leiða helgistundir við dánarbeð, sinna eftirfylgd við syrgjendur og koma þeim í samband við aðra hjálparaðila (t.d. presta), sé þess óskað og eftir því sem þörf krefur.

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð eru starfrækt á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Nánari upplýsingar veita prestar, djáknar og útfararstofur.

## Tryggingamál

Við andlát ástvinar kunna að vakna ýmsar spurningar um tryggingamál svo sem makalífeyri, útfararkostnað og fleira. Tryggingastofnun ríkisins veitir nánari upplýsingar í síma: 560 4400 og einnig stéttarfélag hins látna.

## Að lokum

Ykkur er velkomið, hvenær sem er að hafa samband við starfsfólk deildarinnar, sjúkrahúsprest eða djákna, sem munu aðstoða ykkur af fremsta megni.



LANDSPÍTALI

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI - SEPTEMBER 2017

ÁBYRGÐARMAÐUR:  
RÓSA KRISTJÁNSDÓTTIR DJÁKNI

PÖNTUN Á PRENTUN:  
FJÖLRITUN

LJÓSMYNDIR:  
SHUTTERSTOCK

HÖNNUN:  
SAMSKIPTAÐEILD LSH